

# Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2019, þriðjudaginn 9. júlí kl. 10:23 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1028. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harri Ormarsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Guðrún Ósk Hrólfsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson og Edda Þórsdóttir

Fundarritari var Harri Ormarsson.

## Þetta gerðist:

### Nýjar/br. fasteignir

- Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN056370  
590815-0980 Cambridge Plaza Hotel Comp ehf., Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050485 þannig að innra skipulagi er breytt á öllum hæðum sem og fyrirkomulagi á lóð hótels sem er mhl. 06 á lóð nr. 2 við Austurbakka.  
Stækkun: 13 ferm., 10,3 rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 19. janúar 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
- Ármúli 12** (01.290.201) 103755 Mál nr. BN056377  
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta yfirborði þaks þannig að lyngtorf er fjarlæggt og í þess í stað settur þakdúkur á þak fjölnotasalar á lóð nr. 12 við Ármúla.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
- Ármúli 40** (01.295.102) 103834 Mál nr. BN056364  
590313-1730 Dunamis ehf., Heiðargerði 27, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi þannig að sal er skipt í tvennt með nýjum innvegg og bætt við búningsherbergi og starfsmannaaðstöðu á 2. hæð í mhl02 á lóð nr. 40 við Ármúla.  
Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlits dags. 1. júlí 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
- Bergþórugata 7** (01.190.225) 102428 Mál nr. BN056250

480316-0880 ÞV eignir ehf., Bildshöfða 14, 110 Reykjavík  
Sótt er um breytingu á erindi BN053222 er varða sivalir og þrep utanhúss.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda og eigenda lóðar nr. 9 við Bergþórugötu dags. 12. júní 2019.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

*Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.*

5. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN056397

531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta skrifstofu í rými 4. hæð í suður hluta mhl. 06 Katrínartún 4 sem er verslunar- og skrifstofuhús á lóð nr. 8-16 við Borgartún. Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

6. **Bústaðavegur 89** (01.819.210) 108264 Mál nr. BN056313

470115-1140 Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær

Sótt er um leyfi til að hækka þak og byggja tvo kvisti og viðbyggingu til suðurs ásamt því að breyta innra skipulagi íbúðar 0201 í húsi á lóð nr. 89 við Bústaðaveg.

Stækkun: 65.2 ferm., 113.3 rúmm.. nýtingarhlutfall: 0.4.

Erindi fylgir óþinglýst yfirlýsing og kvöð dags. 4. febrúar 2019.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Lagfæra skráningu.*

7. **Bæjarflöt 17** (02.576.202) 179497 Mál nr. BN056222

560588-1009 Kór ehf., Auðnukór 6, 203 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048963 með því að byggja flóttastiga á vesturhlið, uppfæra brunamerkingar og breyta innra skipulagi á 2. hæð í húsi Bæjarflöt 17/Gylfaflöt 11 á lóð nr. 17 við Bæjarflöt.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.*

8. **Drápuhlíð 9** (01.702.217) 107061 Mál nr. BN056423

Elvar Örn Arason, Drápuhlíð 9, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til breyta erindi BN054108 þannig að áklæðningu á þaki er skipt út með þakpappa, þakgluggi er dreginn til baka, hurð á suðurhlið er hliðrað til og glugga bætt við á bílskúr á lóð nr. 9 við Drápuhlíð.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

9. **Döllugata 2** (05.113.705) 214844 Mál nr. BN056061

Helga Björk Haraldsdóttir, Holtagerði 7, 200 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðum bílskúr á lóð nr. 2 við Döllugötu.

Stærð: 302.1 ferm., xxx rúmm.

Erindi fylgir mæliblað 5.113.7 dags. 21. febrúar 2008 og hæðablað 5.113.7 útgefið 11. mars og breytt 22. maí 2008.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2019.

Gjald 11.200 kr.

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

10. **Efstaland 26** (01.850.101) 108756 Mál nr. BN056294

530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 2. hæðar þannig að fatahreinsun er breytt í lager og þvotta- og fataaðstöðu starfsfólks veitingastaðar í norðvesturenda húss á lóð nr. 26 við Efstaland.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

11. **Ferjuvogur 2** (01.440.101) 105399 Mál nr. BN056428

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt err um leyfi til að breyta erindi BN055311 þannig að flóttaleið frá kennslustofu og inn í bókasafn verður færð til á vegg í húsi Vogaskóla á lóð nr. 2 við Ferjuvog.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*

12. **Fiskislóð 43** (01.086.603) 209699 Mál nr. BN056444

630317-0450 F43 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054300 sem er sýningarhús með kaffihúsi og verslun á þremur hæðum á lóð nr. 43 við Fiskislóð.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla Mannvits útgáfa 2.0 dags. 20. sept. 2018.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

13. **Frakkastígur 9** (01.173.029) 101516 Mál nr. BN056285

581200-2770 STS ISLAND ehf., Laugavegi 51, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir viðbyggingu á baklóð húss nr. 9 við Frakkastíg.

Stækkun:

Erindi fylgir skýrsla Eflu um hávaðaútbreiðslu frá veitingastað dags. 19. október 2017 og afrit af samþykktum teikningum og umsögn Minjastofnunar dags. 3. júlí 2019, Tp. frá hönnuði dags. 4. júlí 2019.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Með vísan til umsagnar Minjastofnunar Íslands, dags. 3. júlí 2019.*

14. **Freyjubrunnur 7-9** (02.695.703) 205727 Mál nr. BN055474

Guðlaug Þorkelsdóttir, Freyjubrunnur 9, 113 Reykjavík

Margrét Indíana Guðmundsdóttir, Miðhús 31, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta kjallara í parhúsi á lóð nr. 7-9 við Freyjubrunn.  
Stækkun: XX ferm., XX rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

15. **Fylkisvegur 6-8** (04.364.101) 111277 Mál nr. BN053966  
481173-0359 Ípróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tvílyft, steinsteyppt þjónustuhús með kjallara á lóð nr. 6-8 við Fylkisveg.  
Erindi fylgir útreikningur á orkuramma dags. 14. desember 2017 og bréf frá hönnuði ódags. mótt. 8. júlí 2019.  
Stærð:  
A-rými: 2.538,1 ferm., 10.715,1 rúmm.  
Gjald kr. 11.000 + 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
16. **Geitland 2-12 1-43** (01.851.101) 108763 Mál nr. BN056431  
Friðrik Óttar Friðriksson, Geitland 7, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra fyrirkomulagi og nýjum glugga á vestur-gafl, stækkun á tveimur gluggum norðurhliðar, útliti suðurhliðar, stækkun sérafnotareits, skjólveggjum, timburpalli og garðskýli innan stækkaðs afnotareits á lóð nr. 7 við Geitland.  
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 24. júní 2019, afrit af skilmálabreytingu dags. 27. febrúar 2008, afrit af samþykktum teikningum með yfirliti yfir breytingar, bréf hönnuðar dags. 1 júlí 2019, afrit af hæða- og mæliblaði 1.851.1 og samþykki eigenda nr. 9, 11 og 13 á teikningu dags. 24. júní 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
17. **Glæsibær 20** (04.351.508) 111154 Mál nr. BN056325  
Ingvar Berndsen, Glæsibær 20, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að byggja sólstofu við vesturshlið íbúðahúss og breyta bílskúr í stúdíóíbúð og geymslu á lóð nr. 20 við Glæsibæ.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. júlí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm.  
Erindi fylgir mæliblað 4.351.5 fyrst útgefið 19. september 1964.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.*
18. **Grandagarður 16** (01.114.301) 100040 Mál nr. BN056320  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að koma fyrir sýningarsal og nýjum inngangi á norðurhlíð, færa þurrgeymslu upp á 2. hæð og breyta eldvarnartexta í húsi á lóð nr. 16 við Grandagarð.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

19. **Grettisgata 45A** (01.173.120) Mál nr. BN055927

571100-2740 Geislasteinn ehf., Vesturfold 34, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir óverulegri breytingu á þaki í kjölfar viðhalds þar sem mænir er hækkaður, kvistur gerður norðan megin og þakkantar endurnýjaðir ásamt því að skipt er um glugga, innra skipulagi er breytt og innréttingar endurnýjaðar í fjölbýlishúsi á lóð nr. 45A við Grettisgötu.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. júlí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 Stækkun: 76,1 ferm., xx.x rúmm.

Nýtingarhlutfall: 2.67

Erindi fylgir bréf frá Verkhof ehf dags. 13. mars 2019 varðandi teiknigögn og bréf frá Alark arkitektar ehf dags. 15. maí 2019.

Gjald: 11.200 kr

*Synjað*

*Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.*

20. **Grjótháls 1-3** (04.302.401) 111016 Mál nr. BN056402

590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu úr stálgrind á steiptum sökkli sem tengjast 2. og 3. hæð ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi atvinnuhúss á lóð nr. 1-3 við Grjótháls.

Stækkun: 1.958,6 ferm., 92.978,8 rúmm.

Eftir stækkun, A-rými: 10.093,3 ferm., 53.108 rúmm.

B-rými: 131,6 ferm., 415,2 rúmm.

Samtals: 10.243,2 ferm., 53.523,2 rúmm.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

21. **Haukahlíð 1** (01.629.102) 221262 Mál nr. BN056346

450107-0420 Hlíðarfótur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054251, m. a. breyta skilum milli mhl. 01 og 07, breyta aðkomu í stigahús, salarhæð í efri kjallara og breyta brunavörnum í bílakjallara á lóð nr. 1 við Haukahlíð.

Erindi fylgir uppfærð brunahönnun dags. 7. júní 2019 og yfirlit breytinga í A3 setti.

A-rými minnka um 47,1 ferm., stækka um 811,4 rúmm.

B-rými atækka um 78,9 ferm., og 342,6 rúmm.

Eftir breytingar, A-rými: 5.981,7 ferm., 18.803,9 rúmm.

B-rými: 78,9 ferm., 342,6 rúmm.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*

*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*

*Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.*

*Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.*

*Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.*

*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*

22. **Haukahlíð 5** (01.629.602) 221261 Mál nr. BN056425  
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta matshlutanúmeri djúpgáma úr mhl. 01 í mhl. 08 á lóð nr. 5 við Haukahlíð.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*
23. **Haukahlíð 5** (01.629.602) 221261 Mál nr. BN056427  
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að lagfæra skráningartöflu fyrir mhl. 02 þannig að rými 0506 var ranglega skráð 16,2 ferm. en á að vera skráð 25,4 ferm. í húsi á lóð nr. 5 við Haukahlíð.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*
24. **Haukahlíð 5** (01.629.602) 221261 Mál nr. BN056424  
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta matshlutanúmeri djúpgáma úr mhl. 01 í mhl. 10 á lóð nr. 5 við Haukahlíð.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*
25. **Haukahlíð 5** (01.629.602) 221261 Mál nr. BN056426  
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta matshlutanúmeri djúpgáma úr mhl. 01 í mhl. 09 á lóð nr. 5 við Haukahlíð.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

26. **Háaleitisbraut 68** (01.727.301) 107329 Mál nr. BN056363  
670499-3089 Húsfélagið Háalbr 68, Stóra, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að klæða með sléttri málmklæðningu steypst skyggni á Austurveri á lóð nr. 68 við Suðurlandsbraut.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
27. **Hátún 10-12** (01.234.001) 102923 Mál nr. BN056142  
420369-6979 Brynja, Hússjóður Öryrkjabandal, Hátúni 10c, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og breytttri skráningartöflu fyrir hús nr. 10b á lóð nr. 10-12 við Hátún.  
Erindi fylgir afrit af innsendum teikningum í A4 með skýringu hönnuðar á umbeðnum breytingum og umsögn húsaskoðunar dags. 1. júlí 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Lagfæra skráningu.*
28. **Heiðarbær 2** (04.351.007) 111102 Mál nr. BN056416  
Hermann Vestri Guðmundsson, Heiðarbær 2, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að klæða að utan með sléttri áklæðningu íbúðarhús og bílskúr á lóð nr. 2 við Heiðarbæ.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
29. **Hofteigur 30** (01.365.004) 104647 Mál nr. BN056257  
Agnar Sturla Helgason, Hofteigur 30, 105 Reykjavík  
Anna Rún Atladóttir, Hofteigur 30, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta útliti þannig að gluggaopi á vesturhlið er lokað og nýr gluggi gerður á norðurhlið auk breytinga á innra skipulagi á þann hátt að eldhús er flutt inn í fyrrum stofu og herbergi útbúið þess í stað á 1. hæð tvíbýlishúss á lóð nr. 30 við Hofteig.  
Erindi fylgir mæliblað 1.365.0 útgefið í apríl 1948, lóðauppdráttur 1.365.0 dags. 29. maí 2017, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 13. júní og samþykki meðlóðarhafa dags. 25. júní 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
30. **Holtavegur 23** (01.430.101) 105191 Mál nr. BN056439

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir þremur færanlegum kennslustofum K-81B, K-78B, K79B og tengigangi T3 sem koma frá Dalskóla og verða settar austan megin á lóð og K-77B og K-43B verðar færðar til suður á lóðina hjá Langholtsskóla á lóð nr. 23 við Holtaveg.

K81-B: 62,7 ferm., 210,9 rúmm.

K78-B: 62,7 ferm., 210,9 rúmm.

K79-B: 62,7 ferm., 210,9 rúmm.

T3: 11,9 ferm., 36,9 rúmm.

Samtals: 200,0 ferm., 669,6 rúmm.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

31. **Hrafnhólar** (00.032.000) 125690 Mál nr. BN056410  
621208-1790 Monóna ehf., Þingholtsstræti 16, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að reisa tvö gróðurhús, hvort um sig um 2500 ferm að stærð ætluð til skógræktar og er staðsetning þeirra byggð á jarðvegskönnun og veðurmælingum á jörðinni Hrafnhólar á Kjalarnesi.  
Erindi fylgir minnisblað Veðurvaktarinnar dags. 24. júní 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
32. **Hverfisgata 86** (01.174.002) 101558 Mál nr. BN056414  
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051889 þannig að innra skipulagi er breytt í húsi nr. 86 við Hverfisgötu.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 3. júlí 2017.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
33. **Iðunnarbrunnur 11** (02.693.408) 206070 Mál nr. BN056348  
700508-0720 GP verk ehf, Ennishvarfi 14, 203 Kópavogur  
Sótt er um leyfi fyrir staðsteyptu, tvílyftu, tvíbýlishúsi með innbyggðum bílskúr á lóð nr. 11 við Iðunnarbrunn.  
Stærðir:  
1. hæð 94,6 ferm., 283,8 rúmm  
2. hæð 185,1 ferm., 564,5 rúmm.  
Heildarstærð: 279,7 ferm., 848,3 rúmm.  
Erindinu fylgir mæliblað 2.693.4, hæðablað dags. 1. september 2009, greinargerð hönnuða dags. 11. júní 2019 og skoðunarskýrsla hönnuðar dags. 11. júní 2019. Greinargerð og skoðunarskýrsla hönnuðar mótt 4. júlí 2019 með sömu dagsetningu og áður.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
34. **Iðunnarbrunnur 16** (02.693.707) 206083 Mál nr. BN056434  
700106-1360 K16 ehf, Haukdælbraut 102, 113 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir staðsteyptu, tvílyftu, tvíbýlishúsi á lóð nr. 16 við Iðunnarbrunn.



Stærðir:

1. hæð 123,5 ferm., 370,5 rúmm

2. hæð 157,4 ferm., 572,4 rúmm.

Heildarstærð: 280,9 ferm., 942,9 rúmm.

Greinagerð hönnuða dags. 20. júní 2019 og skoðunarskýrsla hönnuðar dags. 25. júní 2019.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

35. **Kambsvegur 24** (01.354.107) 104275 Mál nr. BN056239  
Viggó Þór Marteinsson, Kambsvegur 24, 104 Reykjavík  
Þórhildur Þórisdóttir, Kambsvegur 24, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa viðbyggingu sem hýsa á vinnustofu og garðskála við vesturgafli bílskúrs á lóð nr. 24 við Kambsvæg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. júlí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019]  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda og til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.*
36. **Kringlan 4-12** (01.721.001) 107287 Mál nr. BN056373  
530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr stálgrind, einangraða og klædda að utan við norðurhlíð 2. hæðar Kringlunnar á lóð nr. 4-12 við Kringluna.  
Stækkun mhl. 01: 178,3 ferm., 789,8 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
37. **Kringlan 4-12** (01.721.001) 107287 Mál nr. BN056429  
530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi einingar S-370 á 3. hæð þar sem Hreiðrið, aðstaða fyrir foreldra ungbarna verður staðsett í húsi nr. 4 - 12 við Kringluna.  
Erindi fylgir afrit af teikningum BN049450 samþykktum 8. sept. 2015 með yfirliti yfir breytingar.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
38. **Langagerði 74** (01.832.208) 108565 Mál nr. BN056381  
Kristinn Pálmason, Langagerði 74, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta hurðum, síkka glugga og hækka bílskúr við einbýlishús á lóð nr 74 við Langagerði.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. júlí 2019 fylgir erindiErindi fylgir samþykki nágranna á uppdráttum 05-01 og 05-02 dags. 22. mars 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
39. **Langholtsvegur 136** (01.441.103) 105425 Mál nr. BN056243  
Thelma Ósk Jóhannesdóttir, Langholtsvegur 136, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteyptan bílskúr og bæta við svölum og svalahurð á 2. hæð húss á lóð nr. 136 við Langholtsveg.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. júlí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa 4. júlí 2019 Stærð bílskúrs: 31,5 ferm., 79,1 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda á því fyrirkomulagi sem sýnt er á teikningum teiknistofunnar RÚM dags. 24. apríl 2019.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

40. **Laugarnesvegur 85** (01.345.209) 104053 Mál nr. BN056441

Ómar Guðmundsson, Laugarnesvegur 85A, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa skúr, Mhl-04, þar sem nýr bílskúr verður byggður á lóð nr. 85a við Laugarnesveg.

Stærð: 13,1 ferm.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

41. **Laugarnesvegur 85** (01.345.209) 104053 Mál nr. BN056333

Ómar Guðmundsson, Laugarnesvegur 85A, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja bílgeymslu úr timbri með einhalla þaki á lóð nr. 85a við Laugarnesveg.

Stærð: 33,7 ferm., 115,7 rúmm.

Niðurrif: 13,1 ferm. 31,4 rúmm.

Stækkun samtals: 20,6 ferm., 84,3 rúmm.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 2. júlí 2019 og samþykki meðlóðarhafa á teikningum dags. 3. júní 2019.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

42. **Laugavegur 107** (01.240.002) 102973 Mál nr. BN056205

500501-3160 Strætó bs, Pósthólf 9140, 129 Reykjavík

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að setja upp upplýsingaskilti stærð 2,29m á hæð og 0,83m á breidd, fyrir leiðakerfi strætó, við Hlemm og verður staðsetning norðan megin við húsið á lóð nr. 107 við Laugaveg.

Umsögn SRU dags. 8 júlí 2019 fylgir

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. júní 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa 7. júní 2019Erindi fylgja tæknilegar upplýsingar frá framleiðanda.

Jafnframt er erindi BN054931 dregið til baka.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

43. **Laugavegur 145** (01.222.125) 102861 Mál nr. BN056293

570715-0380 Laugavegur 56 ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja ofan á núverandi hús ásamt viðbyggingu til norðurs, eftir stækkunina verða 11 íbúðir í húsi nr. 145 við Laugaveg.

Stækkun: A-rými: 448,4 ferm., 1.324,2 rúmm.

B-rými 15,2 ferm.

Heildarstærð eftir stækkun án B-rýma: 789,6 ferm., 2.292,2 rúmm.

Erindi fylgir bréf hönnuðar um andanþágu frá kröfu um algilda hönnun dags. 28. maí 2019 og mæliblað ómerkt og ódagsett. Einnig fylgir greinagerð hönnunarstjóra dags. 18. júní 2019 og minnkaðar teikningar í fylgiriti sem sýna breytingar, varmatapsútreikningur dags. 28. maí 2019. Einnig fylgir yfirlit breytinga á minnkuðum teikn. hönnuðar dags. 28. júní 2019 og tp. varðandi bílastæði dags. 28. júní 2019.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Er í skipulagsferli.*

44. **Mjólnisholt 6** (01.241.013) 103008 Mál nr. BN055248

461212-1740 Arctic Tours ehf., Hagamel 34, 107 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053561 þannig að eldhúsi og svefnherbergi er víxlað á 2. og 3. hæð og yfirborðsefni þaks verður ásoðinn þakdúkur í stað járn á fjölbýlishúsi á lóð nr. 6 við Mjólnisholt.

Stækkun x,xx , x,xx

Gjald kr. 11.000

*Frestað.*

*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

45. **Norðlingabraut 4** (04.734.301) 204832 Mál nr. BN056433

700517-1600 Mars fasteignir ehf., Pósthólf 43, 902 Vestmannaeyjar

Sótt er um leyfi til að byggja svalagang sem verður úr timbri og klæddur utan með álklaðningu meðfram suðausturhlíð 2. hæðar húss sem er skólabygging á lóð nr. 4 við Norðlingabraut.

Stækkun gangs er: 145,2 ferm., 582,1 rúmm.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

46. **Nökkvavogur 8** (01.441.004) 105410 Mál nr. BN056339

Guðlaugur Hannesson, Nökkvavogur 8, 104 Reykjavík

Ásta Huld Eiríksdóttir, Nökkvavogur 8, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja við áður samþykktan bílskúr og viðbyggingu við norðanvert hús á lóð nr. 8 við Nökkvavog.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 5. júlí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019]

Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm..

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.*

47. **Rangársel 15** (04.938.102) 112918 Mál nr. BN056438

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja við leikskóla og breyta innra skipulagi eldri byggingar á lóð nr. 15 við Rangársel.

Stækkun 154,6 ferm., 559,0 rúmm.

Heildarstærð eftir stækkun 573,4 ferm., 2.010,3 rúmm.

Erindinu fylgir lóðauppdráttur 4.938.1 dags. 19. september 2018.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

48. **Reynimelur 44** (01.540.118) 106263 Mál nr. BN056421

Sigurður Arnór Hreiðarsson, Höfðagata 11, 340 Stykkishólmi

Sótt er um leyfi til þess að breyta eignarhluta 0101 í matshluta 02 og er í eigu íbúðar 0201 í stúdíóíbúð og loka bílskúrshurð með gluggum og timburklæðningu á bílskúr á lóð nr. 44 við Reynimel.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

49. **Réttarholtsvegur 21-25** (01.832.301) 108570 Mál nr. BN056074

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að setja upp fjórar færanlegar kennslustofur og tengigang á lóð skólans nr. 21-25 við Réttarholtsveg.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. júní 2019 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júní 2019

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Langagerði 40, 58, 60, 62, 80, 82, 84, 102, 104, 106 og 122 og Ásgarði 73-77, 95-111 frá 24. maí 2019 til og með 25. júní 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Magnús Ögmundsson og Heiðrún Aðalsteinsdóttir dags. 17. júní 2019, Hafsteinn Óskarsson og Sigurrós Erlingsdóttir dags. 20. júní 2019

Stærðir:  
Kennslustofur, pr. hús (4 stk.): 62,7 ferm, 210,9 rúmm,

Samtals stærð á húsum: 250,8 ferm., 843,6 rúmm.

Tengigangur: 11,7 ferm., 38,6 rúmm.

Samtals viðbót á lóð: 262,5 ferm., 882,2 rúmm.

Erindi fylgir bréf Umhverfis- og skipulagssviðs dags. 8. apríl 2019.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

50. **Rósarimi 11** (02.546.001) 172499 Mál nr. BN056446  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að bæta við færanlegri stofu, H-11B, við núverandi færanleg hús á lóð nr. 11 við Rósarima.  
Stærð: 79,2 ferm., 281,9 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
51. **Seljavegur 2** (01.130.105) 100117 Mál nr. BN056422  
430907-0690 Seljavegur ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að endurbyggja, breyta og innrétta hótél í núverandi húsum á lóð nr. 2 við Seljaveg.  
Erindinu fylgir bréf hönnuðar dags. 28. júní 2019, bréf hönnuðar um hönnunargögn dags. 28. júní 2019, brunahönnunarskýrsla Verkís dags. 26. júní 2019, hljóðvistarsskýrsla 1 Verkís dags. 24. júní 2019, stöðugleikagreinagerð S. Saga ehf dags. 24. júní 2019, útreikningur á orkuramma S. Saga ehf dags. 24. júní 2019, leiðbeiningar um salerniskröfu á veitingastöðum frá Umhverfisstofnun ódags. og hæðablað dags. 14. ágúst 2017.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
52. **Sifjarbrunnur 2-8** (02.695.602) 206109 Mál nr. BN056401  
Ólafur Júlíusson, Hjaltabakki 6, 109 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053717 þannig að breytt er innra skipulagi þvottahúss og geymslu í mhl 03 í raðhúsi nr. 6 á lóð nr. 2 til 8 við Sifjarbrunn.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
53. **Skektuvogur 2** (01.450.301) 225185 Mál nr. BN056256  
581198-2569 ÞG verktakar ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054022 þannig að innveggir verða hlaðnir í stað þess að vera úr gífsi, innra skipulagi, gluggum, hurðum, reyklosun og stigahandriðum breytt og bætt við þaki yfir svalaganga á efstu hæð fjölbýlishúsa á lóð nr. 2 við Skektuvog.

Stækkun: A rými. 3,0 ferm.,

B- rými 162,5 ferm., 126,8 rúmm.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*

*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samræði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*

*Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samræði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.*

*Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

54. **Skipholt 17** (01.242.212) 103038 Mál nr. BN056336

410715-0660 Þrjú M fasteignir ehf., Síðumúla 27, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að fella út hjóla- og vagnageymslu í kjallara og stækka lager sem því nemur í húsi á lóð nr. 17 við Skipholt.

Erindi fylgir umboð dags. 16. júní 2019, samþykki annarra eigenda á minnkaðri teikningu nr. 101C síðast breytt 5. júní 2019 og greinagerð vegna breytinga dags. 4. júlí 2019.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Lagfæra skráningu.*

55. **Skriðustekkur 9-15** (04.616.201) 111836 Mál nr. BN056297

Ingvar Atli Sigurðsson, Skriðustekkur 11, 109 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052283 v/lokaúttektar á bílskúr, mhl. 06, við hús nr. 11, mhl. 02, á lóð nr. 9-15 við Skriðustekku.

Stærð: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.*

56. **Skútvogur 5** (01.421.701) 177946 Mál nr. BN056420

670203-2120 Hagar hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur

Sótt er um breytingu á erindi BN055983 þannig að brunamerkingum hurða að stigahúsi hringstiga er breytt á 1. og 2. hæð í skrifstofuhúsnæði á lóð nr. 5 við Skútvog.

Erindi fylgir afrit af áður samþykktri teikningu (án stimpils) nr. (99)1.03, breyting B, dags. 24. mars 2019.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.*

57. **Sóltún 24-26** (01.232.101) 102920 Mál nr. BN056437  
560500-3190 Tryggingar og ráðgjöf ehf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi á 2. hæð í mhl 05, verslunar- og skrifstofuhúss nr. 26 á lóð nr. 24-26 við Sóltún.  
Erindi fylgir umboð eiganda til arkitekts dags. 2. júlí 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
58. **Sturlugata 8** (01.633.501) 189552 Mál nr. BN056440  
420104-2350 Vísindagarðar Háskóla Ísl ehf., Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að stækka útisvæði og girða af með 4 m hárrí girðingu, koma þar fyrir sjö færanlegum gáma(hús)einingum með uppsettum tölvubúnaði og fjölga kælitækjum á lóð nr. 8 við Sturlugötu.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
59. **Sundaborg 1-15** (01.336.701) 103911 Mál nr. BN056418  
581008-0150 Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna áður samþykks erindis BN055027 þannig að eldvarnarmerkingum er breytt í húsi á lóð nr.13 - 15 við Sundaborg.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
60. **Sægarðar 13** Mál nr. BN056300  
421104-3520 Eimskip Ísland ehf., Korngörðum 2, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja spennistöð úr forsteyptum einingum á lóð nr. 13 við Sægarða.  
Stærð: 202,3 ferm., 623,1 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
61. **Sægarðar 9A** Mál nr. BN056299  
421104-3520 Eimskip Ísland ehf., Korngörðum 2, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja spennistöð úr forsteyptum einingum á lóð nr. 9A við Sægarða.  
Stærð: 177,7 ferm., 441,9 rúmm.  
Gjald kr. 11.200

*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

62. **Tómasarhagi 42** (01.545.107) 106477 Mál nr. BN056101  
Geir Gunnlaugsson, Tjarnargata 16, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka kvisti á vestur- og austurhlið og setja upp nýjar svalir á þak við báða kvistina á húsi á lóð nr. 42 við Tómasarhaga.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 8. apríl 2019.  
Stækkun: 3,3 ferm., 10,4 rúmm.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
63. **Urðarbrunnur 76-78** (05.054.507) 211732 Mál nr. BN056286  
661118-1800 House ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða parhús með innbyggðum bílgeymslum úr krossnegldum timbureiningum, MHM, einangrað að utan og klætt lerki á lóð nr. 76-78 við Urðarbrunn.  
Erindi fylgir útreikningur á orkuramma dags. 27. maí 2019, evrópskt tæknisamþykki ETA-13/0799, vottorð v/gæðaeftirlits ISO 9001:2015, vottorð v/umhverfisstjórnunar ISO 14001:2015 og bréf hönnuðar ódagsett.  
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. júní 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júní 2019.  
Stærð, mhl. 01, A-rými: 178 ferm., 571,2 rúmm.  
B-rými: 9,8 ferm.  
Mhl. 02, A-rými: 177,8 ferm., 570,6 rúmm.  
B-rými: 9,8 ferm.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
64. **Úlfarsbraut 114** (02.698.508) 205752 Mál nr. BN056432  
630318-0760 Úlfarsbraut 114, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að byggja svalaskýli á svalir íbúða 0101, 0103, 0301 og 0303 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 114 við Úlfarsbraut.  
Erindi fylgir samþykki húsfélags og íbúareigenda dagsþ 5. júní 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
65. **Úlfarsbraut 122-124** (05.055.701) 205755 Mál nr. BN056398  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að færa tímabundið gámabyggingar S1-S7 áður BN046489 og S14-18 áður BN049765 innan lóðar nr. 122 við Úlfarsbraut.  
[Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 25. júní 2019.  
Gjald kr. 11.200



*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

66. **Vesturberg 195** (04.660.807) 112031 Mál nr. BN056436  
540169-3229 Fylkir ehf., Grensásvegi 50, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að einangra og klæða að utan með málmklæðningu hús á lóð nr. 195 við Vesturberg.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
67. **Vesturgata 51C** (01.134.007) 100303 Mál nr. BN055292  
Haþbór Páll Bryndísarson, Vesturgata 51C, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að hækka hús um eina hæð á lóð nr. 51C við Vesturgötu.  
Stækkun: XX ferm, XX rúmmetrar.  
{Vísað er í umsögn Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 25. apríl 2014, útskrift úr gerðarbók skipulagsfulltrúa, dags. 28. apríl 2014 og umsögn Minjasafns Reykjavíkur, dags. 18. maí 2014.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 25. mars 2019.  
{Útskrift úr gerðabók embættisafgeiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019.  
Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Vesturgötu 48, 50, 51B og 53, Bræðraborgarstíg 4 og Ránargötu 42 frá 15. apríl 2019 til og með 13. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sturla Einarsson og Þórunn Björnsdóttir dags. 12. maí 2019. Einnig fylgir samþykki meðeigenda ódags. en með minnkuðum afritum af teikningum dags 2 janúar 2019 og 1. júlí 2019.  
Gjald kr. 11.000 + 11.200}  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

### Ýmis mál

68. **Birkimelur 3** (01.550.102) 106506 Mál nr. BN056448  
Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til að breyta lóðarmörkum lóðarinnar Birkimels 3, í samræmi við meðfylgjandi uppdrætti sem eru dagsettir 08.07.2019.  
Lóðin Birkimelur 3 (staðgr. 1.550.102, landeignarnr. L106506) er 281 m<sup>2</sup>.

Teknir 50 m<sup>2</sup> af lóðinni og bætt við óútvísaða landið (landeignarnr. L221448).  
Bætt 50 m<sup>2</sup> við lóðina frá óútvísaða landinu (landeignarnr. L218177).  
Lóðin Birkimelur 3 (staðgr. 1.550.102, landeignarnr. L106506) er áfram 281 m<sup>2</sup>.  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

Fleira gerðist ekki.  
Fundu slitið kl. 13:50.

Harri Ormarsson  
Nikulás Úlfar Másson  
Óskar Torfi Þorvaldsson  
Edda Þórsdóttir  
Harpa Cilia Ingólfssdóttir  
Jón Hafberg Björnsson  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir